

Vorráðstefna

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Hilton Reykjavík Nordica 15. og 16. maí 2014

Auglýst eftir kynningum á vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Kæri viðtakandi

Árleg vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins verður haldin 15. og 16. maí 2014.

Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er „Fjölskyldumiðuð þjónusta. Ávinningur og áskoranir“.

Eins og áður verður þar skapaður vettvangur fyrir fagfólk til að kynna ný íslensk rannsóknar- og þróunarverkefni, ásamt nýjungum í starfi á sviði fatlana barna.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins býður aðstandendum slíkra verkefna að kynna þau í fyrirlestrum eða á veggspjöldum. Einnig eru ábendingar um áhugaverð verkefni vel þegnar.

Óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. Titill verkefnis
2. Nafn/nöfn höfunda
3. Nafn þess sem flytur kynninguna, starfsheiti, vinnustaður og netfang
4. Stutt lýsing á verkefni, markmiði, leiðum og helstu niðurstöðum.

Hámarks lengd á innsendu efni miðast við 2.000 slög (með bilum) með lettrinu Arial 10p í word skjali. Verði kynning samþykkt verður hún prentuð í ráðstefnugögn eins og hún er send inn.

Kynningar verða með tvennum hætti:


Munnlegar kynningar í málstofu: Lengd hvernar kynningar verður 15 mínútur. Glærur kynninganna verða settar á heimasíðu Greiningarstöðvar að ráðstefnu lokinni.

Veggspjöld: Stærð veggspjalda skal vera: hæð 120 cm og breidd 90 cm (mega vera minni).

Tillögur skulu sendar í viðhengi á netfangið: gudny@greining.is, fyrir **28. mars 2014** merkt: *Kynning 2014*.

Valið verður úr innsendu efni og verða hlutaðeigandi látnir vita að því loknu.

Fyrir hönd undirbúningshóps



Guðný Stefánsdóttir